

Sveitarfélagið Vogar  
Hanna Lís Hafsteinsdóttir  
Iðndal 2  
190 Vogar

Reykjavík, 9. maí 2023  
UST202304-080/A.B.  
10.04.03

### **Efni: Tillaga – Deiliskipulag fyrir Breiðagerði á Vatnleysuströnd - Sveitarfélagið Vogar**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Sveitarfélagsins Vog er barst 11. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir frístundabyggð fyrir Breiðagerði á Vatnleysuströnd.

Í greinargerð kemur fram að skipulagssvæðið er um 14 ha þar sem gert er ráð fyrir 40 lóðum fyrir frístundahús á svæðinu en þegar hafa verið byggð hús á 20 lóðum. Auk þess segir að innan hvers byggingarreits er heimilt að byggja eitt frístundahús á einni hæð ásamt stakstæðu geymsluhúsi eða gestahúsi. Nýtingarhlutfall lóða er að hámarki 0,15, en byggingarmagn innan hvers lóðar skal aldrei fara yfir 220 m<sup>2</sup>.

#### **Þráinsskjaldarhraun**

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í greinargerð að hraunið innan svæðisins njóti sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum.

Umhverfisstofnun bendir auk þess á mikilvægi þess að sett séu skýr skilyrði um verndun hraunsins og jarðmyndanna sem innan svæðisins eru í samræmi við ákvæði náttúruverndarlaga. Einnig er mikilvægt að fjallað sé um áhrif tillögunnar á hraunið í umhverfismati tillögunnar.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Að mati Umhverfisstofnunar getur skipulagstillagan valda óafturkræfu raski á hrauni sem nýtur sérstakrar verndar og hafa því neikvæð áhrif á það.

Ekki kemur fram hvaða brýnu almannahagsmunir muni réttlæta röskun á hrauninu en eins og tillagan er sett fram virðast einungis einkahagsmunir réttlæta röskun á hrauninu.

Því þarf, í samræmi við ofangreint ákvæði náttúruverndarlaga, að koma fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskun á hrauninu ef tillagan gerir ráð fyrir röskun þess.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

***sérfræðingur***

Ríkey Kjartansdóttir

***sérfræðingur***